




FJARÐABYGGÐ

# Fjarðabyggð

Pú ert á góðum stað



## Upplýsingamiðstöðvar í Fjarðabyggð:

- 1 Safnahúsinu í Neskaupstað  
Alla daga vikunnar kl. 13-21 (01.06.-31.08.)
- 2 Sjóminjasafni Austurlands á Eskifirði  
Alla daga vikunnar kl. 13 -17 (01.06.-31.08.)
- 3 Íslenska stríðsárasafninu á Reyðarfirði  
Alla daga vikunnar kl. 13 -17 (01.06.-31.08.)
- 4 Gallerí Kolfreyju á Fáskrúðsfirði  
Alla daga vikunnar kl. 12-16 (15.05.-13.06.), kl. 10-18 (14.06.-17.08.), kl. 12-16 (18.08.-14.09.)
- 5 Versluninni Brekku á Stöðvarfirði  
Virka daga kl. 09:30-22, lau. kl. 10-22, sun. kl.11-21 (01.06.-31.08.)
- 6 Sólbrekku í Mjóafirði  
Alla daga kl. 11-18 (01.07.-15.08.)

Ljósmyndir: Kristinn Þorsteinsson, Pétur Sörensson o.fl.

Ritstjórn: Helga Guðrún Jónasdóttir.


Myndritstjórn: Pétur Sörensson.

Útgefandi: Fjarðabyggð, 2014.

Hönnun og umbrot: Héraðsprent, [www.heradsprent.is](http://www.heradsprent.is)

Gefið út með fyrirvara um áreiðanleika upplýsinga um verslun og þjónustu.





## Velkomin til Fjarðabyggðar


Í Fjarðabyggð eru stórbrotnir firðir og tignarleg fjöll aðeins brot af því besta. Menning og fjölbreytt mannlíf er ekki síður minnstætt þeim sem heimsækja þennan austasta hluta Íslands.

Eitt af öðru raða lágrest sjávarþorpin sér meðfram strandlengjunni, hvert með sínum bæjarbrag og áhugaverðu sérkennum. Landið, sagan og fólkid myndar áhuga-verða heild sem laðar að sér vaxandi fjölda ferðamanna á hverju ári.




































Finndu upphalds hótelið eða gistiheimilið þitt í Fjarðabyggð eða njóttu þess að tjalda á einu af sex tjaldsvæðum sveitarfélagsins. Afþreyingarmöguleikarnir eru margir og hvarvetna er stutt í náttúruna, fjöllin og hafið.

Hvert sem leiðin liggur um Austurland er ferð til Fjarðabyggðar hvernar mínútu virði. Kynntu þér fjölbreytta möguleika svæðisins í ferðabjónustu og afþreyingu og njóttu Austfjarðanna í allri sinni dýrð, allan ársins hring.





## Þjónusta / Service

- |  |  |  |  |
|--|--|--|--|
| <p><b>1</b> Orkan bensínsjálfsafgreiðsla Strandgötu 13 </p> <p><b>2</b> Hótel Capitano Hafnarbraut 50 </p> <p><b>3</b> Olís, ÓB sjálfsafgreiðsla, söluskáli Hafnarbraut 6 </p> <p><b>4</b> Gistiheimilið Tónspil Hafnarbraut 22 </p> <p><b>4</b> Tónspil, tónlistarverslun </p> <p><b>5</b> Landsbankinn, Hafnarbraut 20 </p> <p><b>6</b> Samkaup Strax, Hafnarbraut 13 </p> <p><b>7</b> Fjarðasport, sérverslun með íþrótt- og útivistarvörur </p> <p><b>8</b> Vínbúðin, Hafnarbraut 6 </p> | <p><b>9</b> Hildibrand Hotel og Kaupfélagsbarinn Hafnarbraut 2 </p> <p><b>10</b> Mjólkurstöðin sælkeraverslun, Hólsgötu 3 </p> <p><b>11</b> Egilsbúð, Egilsbraut 1 </p> <p><b>12</b> Nesbær Egilsbraut 5 </p> <p><b>13</b> Pan, verkfæraverslun </p> <p><b>14</b> Lystigarðurinn í Neskaupstað </p> <p><b>15</b> Safnahúsið í Neskaupstað Egilsbraut 2 </p> <p><b>16</b> Kajakklúbburinn Kaj </p> <p><b>17</b> Pósthús, Miðstræti 26 </p> | <p><b>18</b> Sundlaug Norðfjarðar Miðstræti 15 </p> <p><b>19</b> Lyfja, Miðstræti 4 </p> <p><b>20</b> Sparisjóður Norðfjarðar hraðbanki </p> <p><b>21</b> Bókasafn </p> <p><b>22</b> Hótel Edda Mýrargötu 10 </p> <p><b>23</b> Réttingaverkstæði Sveins Eyrargötu 9 </p> <p><b>24</b> Bíllaleiga Akureyrar, Eyrargötu 11 </p> <p><b>25</b> Snjóflóðavarnargarðar </p> <p><b>26</b> Tjaldsvæði </p> | <p><b>27</b> Nesbakk, Bakkavegi 3 </p> <p><b>28</b> Páskahellir </p> <p><b>29</b> Fólksvangur </p> <p><b>30</b> Golfvöllur Norðfjarðar, 4 km </p> <p><b>31</b> Oddsskarð skíðasvæði, 15 km </p> <p><b>32</b> Skorrahestar </p> <p><b>33</b> Haki, verkstæði, Naustahvammi 56a Verkstæði Ónundar Vindheimanusti 7c </p> <p> Lögregluvarðstofan í Neskaupstað Melagötu 2a, 470 6125 Í neyðartilvikum 112</p> <p> Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað Mýrargötu 20, 470 1450 Læknavakt, 856 9300. Í neyðartilvikum 112</p> |
|--|--|--|--|



## Norðfjörður

Auðvelt er að njóta lífsins í Neskaupstað, fjölmennasta bæjarkjarna Fjarðabyggðar. Fjölbreytt gisti- og veitingaþjónusta, kaffihús, lystigarður, ekta sælkeraverslun og hestaleiga er á meðal þess sem mælir með heimsókn til Norðfjarðar.

Stórbrotin náttúrufrægurð er eitt af aðalsmerkjum Norðfjarðar. Tilvalið er að fá sér göngutúr upp með hlíðinni fyrir ofan bæinn og njóta útsýnis ofan af snjóflóðavarnargörðum sem þar eru, skammt frá tjaldsvæði staðarins.

Bæjarstæðið teygir sig allt austur að fólkvangi Neskaupstaðar, sem varð árið 1972 fyrsti friðlýsti fólkvangurinn á Íslandi. Nípan (819 m) er hluti af fólkvanginum og jafnframt hæsta strandberg landsins sem gengur í sjó fram. Merktar gönguleiðir eru um fólkvanginn og er Páskahellir á meðal vinsælla áfangastaða.

Í búningaklefum Sundlaugar Norðfjarðar er sýndur tíminn bæði í Neskaupstað og Moskvu, höfuðborg Rússlands. Þessi skemmtilega vísun minnir á að Neskaupstaður hefur oft verið nefndur Litla Moskva, í ljósi sterkra stöðu sem vinstrimenn höfðu í bæjarstjórn Neskaupstaðar fram eftir 20. öldinni.

Þorpsganga Meet the Locals nefnist einmitt Litla Moskva, en hún leggur af stað frá Safnahúsinu. Af öðru áhugaverðu má nefna bátssiglingu út í eyðivíkurarnar við Norðfjörð. Á góðviðrisdegi er einnig tilvalið að dorga á bryggjunni, fara í lautarferð í lystigarðinn í Neskaupstað eða leigja reiðhjól hjá Skorrahestum. Þá má sækja listamenn staðarins heim í Listasmiðju Norðfjarðar, Gallerí Theu á Skorrastað eða Texas í Neskaupstað.

Um hálf tíma akstur er til Norðfjarðar frá Eskifirði um Norðfjarðarveg (þjóðvegur 92). Ekið er í gegnum Oddsskarðsgöng, sem eru 640 metra einbreið fjallgöng í rúmlega 620 m.h.y.s. Þá gengur ferjubáturinn Anný á milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Nánari upplýsingar um samgöngur í Fjarðabyggð eru á [visitfjardabyggd.is](http://visitfjardabyggd.is).



\* Vinsamlegast hringið áður en Steinasafn Sörens og Sigurborgar er heimsótt í síma 476 1177.

## Þjónusta / Service

1 Golfvöllur Eskifjarðar



2 N1 sjálfafgreiðslustöð Dalbraut 1



3 Sundlaug Eskifjarðar Dalbraut 3a



4 Kirkju- og menningarmiðstöð Eskifjarðar, Dalbraut 2



5 Tjaldsvæði Eskifjarðar



6 Kaffihúsið á Eskifirði Strandgötu 10



7 Bökkblóm, blómaverslun Strandgötu 12a



8 Tanni Travel, ferðaskrifstofa Strandgötu 14 [www.meetlocals.is](http://www.meetlocals.is)

[www.meetlocals.is](http://www.meetlocals.is)

9 KR-ÍA, veitingasala Skeljungur bensinstöð Strandgötu 18



10 Videóleiga Eskifjarðar Strandgötu 29 a



11 Hótelíbúðir, Strandgötu 26



12 Lyfja, Strandgötu 31



13 Heilsugæslan á Eskifirði



14 Sjóminjasafn Austurlands Útkaupstaðarbraut 1



15 Hraðbanki, Strandgötu 47



16 Samkaup Strax Strandgötu 50



16 Verkstæði Kötú, handverksgalleri



16 Rauðakrossverslun, notuð fót

17 \*Steinasafn Sörens og Sigurborgar Lambeyrarbraut 5



18 Pósthús, Strandgötu 55



19 Grunnskóli og bókasafn Lambeyrarbraut 16



20 Askja, gistiheimili við Strandgötu



21 Randulffssjóhús veitingahús og minjasafn Strandgötu 96



22 Sporður, harðfiskverkun

23 Ferðaþjónustan Mjöeyri, Strandgötu 120



24 Síðasti aftökustaður á Austurlandi



25 Silfurbergsnáman Helgustöðum, náttúruvætti 8 km



26 Skíðasvæðið í Oddskarði, 5 km



Læknavakt, 856 9300 í neyðartilvikum 112

Lögreglan á Eskifirði Strandgötu 52, 470 6130 í neyðartilvikum 112



## Eskifjörður

Eskifjörður er elsti kaupstaður Fjarðabyggðar, hlaut kaupstaðarréttindi árið 1786 og má rekja verslunarsögu staðarins langt aftur í aldir. Rauðmáluð sjóhús raða sér eitt af öðru eftir strandlengju Eskifjarðar og gefa þessi aldar-gömlu viðarhús bæjarmyndinni fallegan svip. Flest eru þau norsk að upp- runa og enn í fullri notkun.

Sjálfur Eskifjörðurinn gengur inn af Reyðarfirði og er tilvalið að leigja sér árabát og renna fyrir fiski á lygnum firðinum. Á góðviðrisdögum má sjá fisk vaka um allan fjörðinn og er selur einnig tíður gestur. Þá er hákarl verkaður á Eskifirði og þykir mikið hnossgæti.

Eskifjörður hefur aðallega verið þekktur sem útgerðarbær. Eskifjarðarhöfn er þó einnig vinsæll viðkomustaður skemmtiferðaskípa og ferðapjónustu hefur vaxið hratt fiskur um hrygg á undanförunum árum, ásamt fallegu handverki og listmunagerð úr gleri.

Nýjasta sundlaugin í Fjarðabyggð er á Eskifirði. Hún opnaði um miðjan síð- asta áratug í kjölfar þess að heitt vatn fannst í nýtanlegu magni við bæinn og er Eskifjörður einn fára staða á Austurlandi sem nýtir jarðhita til hús- hitunar.

Skammt utan við Eskifjörð er Helgustaðarnáma, ein frægasta silfurbergs- náma sinnar tegundar. Náman gegndi lengi þýðingarmiklu hlutverki fyrir vísindin, en ljósfræðirannsóknir byggðu alfarið á silfurbergi, sem er tært afbrigði af kalksteini og afar fágætt utan Íslands. Náman er nú friðlýst sem náttúruvætti, en silfurberg var tekið úr henni um þriggja alda skeið eða allt fram á miðja 20. öld.

Frá Eskifirði er aðeins um 10 mínútna akstur í Oddsskarð, eitt besta skíða- svæði landsins, með tveimur skíðalyftum, barnalyftu og stubbaskóla fyrir yngstu kynslóðina. Einnig er troðin gönguskiðabraut á háannatíma og veitingaaðstaða er í skála skíðasvæðisins.

## Topp 20 listinn í Fjarðabyggð

- Velja uppáhaldsfjörð og -fjall
- Uppgötva öll frábæru söfnin
- Dorga á bryggju
- Fara í lautarferð
- Safna forvitnilegum steinum
- Fara í lista- og handverksgallerí
- Upplifa Austfjarðapokuna
- Taka þátt í göngu- og gleðivíkunni
- Á fætur í Fjarðabyggð
- Sigla eða aka út í eyðivík
- Ganga á fjöll
- Fara á hestbak
- Ganga á ofanflóðavarnargörðum
- Dást að fegurð náttúrunnar
- Prófa allar sundlaugarnar
- Fara á bæjarhátíð
- Heimsækja Mjóafjörð

### Vetrarlistinn

- Fara á skíði í Oddsskarði
- Skoða hreindýr
- Sjá norðurljósin
- Upplifa Daga myrkurs



### Þjónusta / Service

- |   |   |   |
|---|---|---|
| <p><b>1</b> Tjaldsvæði Reyðarfjarðar</p> <p><b>2</b> Bíley<br/>bifreiðaverkstæði<br/>Leiruvogi 6</p> <p><b>3</b> Pósthús</p> <p><b>4</b> Olís, Quiznos</p> <p><b>5</b> Johan Rönnung, verslun<br/>Nesbraut 9</p> <p><b>6</b> Byko, Búðareyri 29</p> <p><b>7</b> Grillskálinn Orka<br/>Orkan eldsneyttisala<br/>Búðareyri 28</p> <p><b>8</b> Birta, gjafavöruverslun, Búðareyri 15</p> | <p><b>9</b> Tærgesen, veitingahús<br/>og gisting, Búðargötu 4</p> <p><b>10</b> Kaffi Kósý, bar, Búðargötu 6</p> <p><b>11</b> N1 verslun, Búðargötu 5</p> <p><b>12</b> Hótel Austur<br/>Búðareyri 6</p> <p><b>13</b> Íslandsbanki, Búðareyri 7</p> <p><b>14</b> Heilsugæslan Reyðarfirði, Búðareyri 8</p> <p><b>15</b> Sesam brauðhús, Hafnargötu 1</p> <p><b>16</b> Molinn, verslunarmiðstöð,<br/>Búðareyri 2</p> | <p><b>17</b> Húsasmiðjan, Hafnargötu 7</p> <p><b>18</b> Bókasafn, Heiðarvegi 14a</p> <p><b>19</b> Stríðsárasafnið, Hæðargerði</p> <p><b>20</b> Bifreiðaverkstæði Launafis<br/>Austurvegi 20</p> <p><b>21</b> Hjá Marlin, kaffihús<br/>og gisting, Vallargerði 9</p> <p><b>22</b> Golfklúbbur Fjarðabyggðar</p> <p><b>+</b> Læknavakt, 856 9300<br/>í neyðartilvikum 112</p> |
|---|---|---|





## Reyðarfjörður

Reyðarfjörður er annar stærsti bæjarkjarni Fjarðabyggðar og stjórnsýslu-miðstöð. Byggðin er innst í firðinum norðanverðum og er verslunarmiðstöð og handverksbakarí á meðal vinsælla viðkomustaða miðbæjarins. Frá miðbænum liggur einnig göngustígur upp með fallegu Búðarárgilinu og liggur leiðin m.a. fram hjá Íslenska stríðsárasafninu, Búðarárfossi og Búðarárstíflu, en framkvæmdin þótti mikið þrekvirki þegar hún var byggð árið 1930.

Nokkru utan við byggðina er Mjóeyrarhöfn, ein stærsta vöruflutningahöfn landsins, en hafnarskilyrði eru góð frá náttúrunnar hendi í Reyðarfirði og aðstæður til hafsækinna starfsemi með besta móti. Steinsnar frá höfninni er álver Alcoa Fjarðaáls og Slökkvilið Fjarðabyggðar, sem er jafnframt eitt fára atvinnuslökkviliða utan höfuðborgarsvæðisins.

Reyðarfjörður komst í heimsfréttirnar í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar þegar breski herinn gekk á land þann 1. júlí árið 1940, nokkrum mánuðum eftir hernám landsins. Um 3.000 manna herlið settist að í smábæ sem taldi þá um 300 íbúa. Umskiptin voru mikil og áður en langt um leið hafði Reyðarfjörður fengið á sig heimsborgarabrag með kaffihúsum, veitingastöðum og kvikmyndahúsi.

Afar lág glæpatíðni er á meðal þeirra lífsgæða sem Austfirðingar njóta og eru Reyðfirðingar þar engin undantekning. Á fyrri hluta ársins varð óvænt breyting þar á, þegar mikil glæpaalda reið yfir Reyðarfjörð. Engin raunveruleg hættu var þó á ferð, heldur starfslið bresk-bandarískrar spennuþáttaraðar. Útitökur fyrir sjónvarpsþættina fóru að mestu leyti fram á Reyðarfirði og gegnir bærinn og stórbrotið landslagið mikilvægu hlutverki fyrir sviðsmynd norðurheimskautsbæjarins Fortitude, sem þáttaröðin dregur nafn sitt af.

Frá Reyðarfirði liggja vegir til allra átta. Um hálf tíma akstur er um Fagradal (Norðfjarðarvegur) á milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða. Þá er um 10 mínútna akstur til Eskifjarðar (Norðfjarðarvegur) og um 20 mínútna akstur til Fáskrúðsfjarðar (Suðurfjarðarvegur). Farið er um Fáskrúðsfjarðargöng, 5.850 m. löng jarðgöng sem opnuð voru árið 2005.

## Þú ert á góðum stað

Sumarið er tíminn. Sex skemmtilegir bæjarkjarnar og fjölbreytt mannlíf gerir Fjarðabyggð að frábærum áfangastað. Sjóstangaveiði, bátaleiga, silungsveiði eða hestaleiga. Pitt er valið. Þrír spennandi níuhölu golfvöllir, fjórar flottar sundlaugar og fullt af flottum veitingastöðum og kaffihúsum. Möguleikarnir eru margir og áhugaverðir. Þá hefur Fjarðabyggð allt sem til þarf í gefandi útivist og ógleymanlegar stundir í faðmi náttúrunnar.

Sumarið er einnig tíminn fyrir skemmtilegar bæjarhátíðir. Ekki missa af sjómanna-dagshelginni í Fjarðabyggð, Hernámsdeginum á Reyðarfirði, Frónskum dögum á Fáskrúðsfirði eða Maður er manns gaman á Stöðvarfirði. Á fætur í Fjarðabyggð, eina göngu- og gleðihátíð landsmanna, er haldin í síðustu viku júnímánaðar. Tónlistar- og rokkhátíðin Eistnaflug í Neskaupstað, sem haldin er í júlí, er einn stærsti tónlistarviðburður ársins og Neistaflug, sem einnig fer fram á Norðfirði, er ekta fjölskylduhátíð um verslunarmannahelgina.

Veturinn er ekki síður tíminn til að sækja Fjarðabyggð heim. Páskafjörrið í Oddskarði er sannkölluð skíða- og útivistarhátíð um hverja páska, með viðburðadagskrá og sérútbúinni brettaaðstöðu. Aðstæður á Fáskrúðsfirði hafa reynst framúrskarandi fyrir norðurljósaskoðun og á haustin eru kjöraðstæður í Fjarðabyggð til skotveiða og sjófuglaveiða, svo að fátt eitt sé nefnt.

**Kynntu þér ferðapjónustuna í Fjarðabyggð á [visitfjardabyggd.is](http://visitfjardabyggd.is).**



# Áhugaverðir staðir

## 1 Dalatangi (Mjóifjörður)

Tveir vitar standa á Dalatanga. Sá eldri er frá árinu 1895, hlaðinn úr blágrýti. Yngri vitinn var byggður 1908 og er enn í notkun. Frá Dalatanga sést allt út að Glettingi og inn í mynni Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar.

## 2 Klifbrekkufossar (Mjóifjörður)

Fossasyrpa sem mynduð er úr smáfossum sem falla stall fram af stalli niður af heiðinni úr Fjarðará.

## 3 Hvalstöðin að Asknesi (Mjóifjörður)

Leifar af gamalli hvalstöð, sem reist var af Norðmönnum um aldamótin 1900 og var ein sú stærsta í heimi á þeim tíma. Þegar umsvif stöðvarinnar voru í hámarki unnu þar um 200 manns.

## 4 Fólkvangur Neskaupstaðar (Norðfjörður)

Stuttar gönguleiðir og áhugaverðir staðir, þar á meðal Páskahellir og Urðir. Fræðslustígur með upplýsingaskiltum. Elsti fólkvangur landsins stofnaður árið 1972.

## 5 Páskahellir (Norðfjörður)

Skúti sem myndast hefur við sjávarrof, með bólstrabergi og berggöngum. Sjá má holar sem taldar eru eftir tré. Skógur sem þarna stóð hefur líklega orðið undir hrauni fyrir 12 milljónum ára. Sagt er að frá Páskahelli megi sjá sólina dansa á páskadagsmorgun.

## 6 Snjóflóðavarnargarðar (Norðfjörður)

Mikil mannvirki ofan við Neskaupstað til varnar ofanflóðum. Skemmtilegar gönguleiðir eru í kringum garðana. Auk þess má ganga uppi á gördunum og njóta útsýnis yfir Norðfjörð og nágrenni.

## 7 Viðfjörður (Norðfjarðarflói)

Syðstur fjarðanna þriggja við Norðfjarðarflóa. Þórbergur Þórðarson skrifaði bókina Viðfjarðarundrin, um draugagang í firðinum. Jeppaslóði liggur yfir í fjörðinn frá utanverðum Reyðarfirði.

## 8 Vöðlavík (Eskifjörður, Reyðarfjörður)

Eyðivík með gístiskála sunnan Gerpis. Skemmtileg sandfjara er í vikinni og frábærar gönguleiðir um næsta nágrenni. Áður stóð þarna talsverður fjöldi bæja. Malarvegur liggur yfir í vikina frá utanverðum Reyðarfirði.

## 9 Valahjalli (Eskifjörður, Reyðarfjörður)

Leifar af þýskri njósnaflugvél sem varð austfjarðapokunni að bráð í síðari heimsstyrjöldinni og fórst á Sauðatindi. Um 2-3 klst. ganga er að flakinu frá veginum.

## 10 Silfurbergsnáman Helgustöðum (Eskifjörður)

Ein kunnasta silfurbergsnáma heims allt frá 17. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Bergið er tært afbrigði af kristölluðum kalksteini og var notað í ljósfræðitæki, áður en plastefni komu í stað þess. Silfurberg er fágætt utan Íslands.

## 11 Síðasti aftökustaðurinn á Austurlandi (Eskifjörður)

Dys og upplýsingaskilti um atburðinn á Mjóeyri. Eiríkur Þorláksson var tekinn af lífi 30. september 1786 fyrir þjófnað og morð á þremur mönnum. Lík hans var dysjað nærri aftökustaðnum.

## 12 Oddsskarð (Reyðarfjörður, Eskifjörður, Norðfjörður)

Skiðasvæði Fjarðabyggðar. Skammt frá eru Oddsskarðsgöng, 640 m. löng fjallgöng sem tengja samgöngur á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Göngin eru í 621 m. hæð.



Egilsstaðir

Seyðisfjörður

Mjóafjarðarvegur 955

Mjóifjörður 41 km

Reyðarfjörður 33 km

Norðfjarðarvegur 92

Mjóifjörður 57 km

Eskifjörður 15 km

Reyðarfjörður

Neskaupstaður 23 km

Eskifjörður

Hólmanes

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Rauðbjörg

Sandvík

Gerpir

Vöðlavík

Lofmundarfjörður

Feiðjan Anný

Brekka

Barðneshorn

Dalatangi



15

14

13

11

12

3

6

4

5

7

8

9

10

1



Fáskrúðsfjörður 21 km

Suðurfjarðavegur 96

Stöðvarfjörður 28 km

Fáskrúðsfjörður

17

16

19

22

Breiðdalsvík 19 km

20

21

Stöðvarfjörður

Egilsstaðir 81 km

Breiðdalsvík

Suðurfjarðavegur 96

Djúpivogur

Papey

Æðasker Andey

Skrúður

Karlsskáli



# Áhugaverðir staðir

13

## Völvuleiðið (*Eskifjörður, Reyðarfjörður*)

Leiði völvunnar sem hefur um aldir verndað Reyðarfjörð og Eskifjörð gegn utanaðkomandi árásum, þ.á.m. Tyrkjaráni árið 1627. Frábær útsýnisstaður með gestabók. Er nokkru ofan við gamla veginn sem liggur yfir Hólmaháls samhliða Norðfjarðarvegi.

14

## Búðarárgil (*Reyðarfjörður*)

Skemmtilegur göngustígur frá miðbænum upp með gilinu. Á leiðinni er Íslenska stríðsárasafnið, Búðarárfoss og Búðarárstífla. Enn ofar tekur Svínadalur við. Búðará var virkjuð árið 1930 og var gerð 5,5 m. hárrar stíflunnar þrekvirki á sínum tíma.

15

## Grænafell (*Reyðarfjörður*)

Skjólsælt og vinalegt svæði undir kjarrivöxnum hlíðum Grænafells skammt vestan við bæinn. Stikuð gönguleið er á fellið meðfram fallegu gili Geithúsár, sem liggur frá gamla Fagradalsveginum. Á ferðum sínum um Austurland vandi Borgfirðingurinn Jóhannes Kjarval gjarnan komur sínar í Geithúsárgil með trönur sínar.

16

## Kolfreyjustaður (*Fáskrúðsfjörður*)

Prestsetur Fáskrúðsfirðinga frá fornri tíð. Sóknarkirkjan, sem var byggð 1878, hefur verið endurbyggð. Kolfreyja nefnist tröllskessa sem bjó skammt frá staðnum.

17

## Gilsárfoss (*Fáskrúðsfjörður*)

Ganga má á bak við fossinn, sem er í um 15 mínútna göngufæri frá brúnni yfir Gilsá á Vattarnesvegi. Skemmtileg gönguleið er meðfram ánni, sem skartar mörgum fallegum fossum.

18

## Franski grafreitirinn á Krossum (*Fáskrúðsfjörður*)

Kirkjugarður frá tímum franskra sjómanna, með 49 þekktar grafir. Göngustígur er niður að kirkjugarðinum, sem stendur nokkru utan við byggðina.

19

## Hafnarnes (*Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður*)

Minjar um byggð sem lagðist að mestu af á ofanverðri 20. öld. Flestir urðu íbúarnir um 100 talsins. Árið 1939 var Franski spítalinn fluttur út á Hafnarnes og stóð þar um 70 ára skeið. Vegleg byggingin myndar nú kjarnann í frönsku húsaþyrpingunni á Fáskrúðsfirði.

20

## Sandfell (*Fáskrúðsfjörður*)

Líparíttfjall (743 m.) í sunnanverðum Fáskrúðsfirði. Einstakur bergeitill sem myndaðist þegar líparíttkvika braust upp í gegnum 500 m. þykk blágrýtslög fyrir 11-12 milljónum ára. Sporðreist basaltlög í Smátindum, við sunnanvert fjallið, bera vitni um átakamyndun þess. Skemmtileg 2-3 klst. gönguleið er upp á fjallið.

21

## Saxa (*Stöðvarfjörður*)

Niður við sjó, skammt frá eyðibýlinu Bæjarstöðum, er klettaskoran Saxa. Einstök bergmyndun, sem úthafsaldan gengur inn í og spýttist hátt í loft upp í tilkomumiklum brimgosum.

22

## Einbúi í Jafnadal (*Stöðvarfjörður*)

Hluti af þremur sérstæðum klettabjörgum innarlega í Jafnadal, sem gengur inn úr Stöðvarfirði. Einbúi stendur við skemmtilega gönguleið á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar um Stöðvarskarð.

## Safnakostur Fjarðabyggðar

Í Fjarðabyggð eru mörg frábær söfn. Nýjasta perlan á safnastrengnum, er nýstárleg sýning Fransmanna á Íslandi, sem er helguð lífi og störfum franskra sjómanna á Fáskrúðsfirði fyrir á tímum.

Safnahúsið á Norðfirði er fallett gamalt hús við sjóinn, sem geymir á einum stað þrjú áhugaverð söfn. Náttúrugripasafnið í Neskaupstað hefur getið sér gott orð fyrir fræðandi og lifandi framsetningu á íslenska dýraríkinu. Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar segir sögu athafna- og verktakastarfsemi fyrri tíma og í Myndlistarsafni Tryggva Ólafssonar er á hverju ári sett upp ný sýning úr málverkasafni þessa þekktu brautryðjanda í íslenskr myndlist.

Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði segir útgerðar- og atvinnusögu svæðisins. Einnig má mæla með heimsókn í gömlu verbúðina í Randulffssjöhúsi og á Íslenska stríðsárásafnið á Reyðarfirði, en söfnin gefa, hvert með sínum hætti, raunsanna mynd af hversdagslegum aðstæðum liðinna tíma og tíðaranda.



Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði



Tryggvi Ólafsson



Íslenska stríðsárásafnið á Reyðarfirði



Steinasafn Petru á Stöðvarfirði



Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar



Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar



Náttúrugripasafnið í Neskaupstað



## Þjónusta / Service

- |  |  |  |  |
|--|--|--|--|
| 1 Tunguholt, Tungu   |  | 11 Fosshótel Austfirðir<br>Frönsku húsin<br>Hafnargötu 11-14                     |  |
| 2 Tjaldsvæði Fáskrúðsfirði   |  | 12 Fransmenn á Íslandi, Hafnargötu 12  |  |
| 3 Sölskáli SJ<br>Búðavegi 60   |  | 13 Gallerí Kolfreyja handverksgallerí<br>Hafnargötu 17                           |  |
| 4 Heilsugæslan Fáskrúðsfirði<br>Hlíðargötu 60                                    |  | 14 Sundlaug, Skólavegi 39-41<br>Innisundlaug með heitum útipotti og gufu         |  |
| 5 Anna Frænka, handverk, Búðavegi 49   |  | 15 Véla- og bifreiðaverkstæði<br>Hafnargötu 1b                                   |  |
| 6 Kaffi Sumarlína Búðavegi 59  |  | 16 Franski grafreiturrinn  |  |
| 7 Bókasafn<br>Hlíðargötu 56  |  | 17 Gistiheimili Elínar, Stekkholti 20  |  |
| 8 Samkaup-Strax, Skólavegi 59<br>Vínbúðin, Skólavegi 59<br>Pósthús, Skólavegi 59 |  | 18 Strákarnir okkar ehf, bifreiðþjónusta   |  |
| 9 Hraðbanki, Skólavegi 57  |  | + Læknavakt, 856 9300. Neyðartilvik 112  |  |
| 10 Hótel Bjarg, Skólavegi 49   |  | ★ Lögregluvarðstofan Fáskrúðsfirði<br>Skólavegi 53, 470 6140<br>Neyðartilvik 112 |  |



Franski grafreiturrinn. Myndin er tekin á Frönskum dögum, bæjarhátíð Fáskrúðsfirðinga.





Hafnarnesviti og Skrúður, Fáskrúðsfirði

## Fáskrúðsfjörður

Talið er að Fáskrúðsfjörður dragi nafn sitt af Skrúði, tilkomumikilli klettaeyju sem prýðir fjörðinn utanverðan. Aðrar kenningar ganga enn lengra og segja að upprunalega nafnið „Fasruth“ eða Straumey komið úr gelisku, en við Skrúð er ein mesta straumröst á Austfjörðum. Fjörðurinn heiti því með réttu Straumfjörður.

Götuskilti á Fáskrúðsfirði eru bæði á íslensku og frönsku, en Fáskrúðsfjörður var helsta bækistöð franskra sjómanna hér á landi fram á 20. öld. Tengslin eru enn sterk í gegnum vinabæjasamstarf og er keppt í gömlum frönskum leikjum eins og Pétange á Frönskum dögum, bæjarhátíð Fáskrúðsfirðinga, sem haldin er í lok júlí.

Ápreifanlegust er franska arfleifðin í gömlum byggingum sem Frakkar létu eftir sig og mynda kjarnann í frönsku húsaþyrpingunni. Húsin hafa verið færð í upprunalegt horf og gegna þau nú aftur veigamiklu hlutverki, fyrir menningu staðarins og bæjarlíf, sem veglegt hótél og safn helgað Fransmönnum á Íslandi.

Handverk og listmunagerð er eitt af aðalsmerkjum Fáskrúðsfjarðar og ættu unnendur fallega handverks ekki að láta hjá líða að sækja þetta fallega sjávarþorp heim. Í gamla kaupfélagshúsi staðarins er Gallerí Kolfreyja sem handverksfólk á Fáskrúðsfirði stendur að. Húsið nefnist Tangi, sagna- og handverkshús og hefur nýlega verið gert afar fallega upp.

Ofan við bæinn er, auk flóðvarna, skemmtilegt göngustígakerfi með frábæru útsýni yfir fjörðinn og fjöllin. Einnig má mæla með göngu upp að fossinum í Gilsá (sjá áfangastaðakort Fjarðabyggðar), fuglalífínu við Ósinn, ævintýralegru fjöruferð eða veiðiferð í Dalsá. Þá er sundlaugin á Fáskrúðsfirði lítil og notaleg innlaug með heitum útipotti.

Frá Fáskrúðsfirði er aðeins um 20 mínútna akstur til Stöðvarfjarðar eftir Suðurfjarðarvegi, sem liggur meðfram stórskorinni ströndinni og veitir stórbrotið útsýni út yfir Atlantshafið.

## Þjónusta / Service

- |   |   |   |   |
|---|---|---|---|
| <p><b>1</b> Steinasafn Petru<br/>Sunnuhlíð, Fjarðarbraut 21</p>     |  | <p><b>7</b> Galleri Svarthol<br/>Skólabraut 10, kj.</p> |  |
| <p><b>2</b> Kirkjubær, gistiheimili<br/>Fjarðarbraut 37a</p>        |  | <p><b>8</b> Heilsugæslan Stöðvarfirði<br/>Túngötu 2</p> |  |
| <p><b>3</b> Salthúsið, handverksmarkaður<br/>Fjarðarbraut 40</p>    |  | <p><b>9</b> Sköpunarmiðstöðin<br/>Bankastræti 1</p>     |  |
| <p><b>4</b> Saxa, gisti- og kaffihús<br/>Fjarðarbraut 41</p>        |  | <p><b>10</b> Hraðbanki, Fjarðarbraut 54</p>             |  |
| <p><b>5</b> Galleri Snærós<br/>Fjarðarbraut 42<br/>Grafíksetrið</p> |  | <p><b>11</b> Sundlaug<br/>Útilaug með heitum potti</p>  |  |
| <p><b>6</b> Brekkan<br/>Fjarðarbraut 44<br/>Póstkassi</p>           |  | <p><b>12</b> Bókasafn<br/>Skólabraut 20</p>             |  |
|   |   | <p><b>13</b> Tjaldsvæði</p>                             |  |



Handunnir Íslenskir fuglar úr leir eftir Rósu Valtingoer.  
Galleri Snærós, Stöðvarfirði.





## Stöðvarfjörður

Stöðvarfjörður er syðsti bæjarkjarni Fjarðabyggðar. Byggðin teygir úr sér eftir norðurhlið fjarðarins umvafinn fögrum fjöllum með bæjarfjall Stöðfirðinga, Súlur, fremst á meðal jafningja.

Náttúran er óviða jafn gjafmild á perlu sínar og í Stöðvarfirði. Út með firðinum norðanverðum er Saxa, einstakt náttúrufyrirbrigði eða sjávarhver. Í austlægum vindáttum dregur Saxa til sín þara, rekavið og annað lauslegt úr sjó, kurlar það í smátt og feykir hátt í loft upp. Frá þorpinu liggja einnig skemmtilegar gönguleiðir í Jafnadal, sem gengur inn úr Stöðvarfirði. Þar má sjá einn fallegasta steinboga landsins og Einbúa, klettapyrpingu sem samanstendur af þremur sérstæðum klettaljörgum.

Ferðabjónusta er ein af lífæðum bæjarins, eins og gamla kirkjan er til marks um, en hún hefur þjónað sem notalegt gistiheimili allt frá því að Stöðfirðingar byggðu sér nýja kirkju árið 1991.

Handverk og listmunagerð skipa stóran sess og með tilkomu Sköpunarmiðstöðvarinnar í gamla frystihúsi staðarins, hefur Stöðvarfjörður haslað sér völl sem miðstöð skapandi lista. Þekktastur er fjörðurinn þó fyrir steinaríki sitt og hér hafa fundist margar sjaldgæfar steinategundir eins og sjá má dæmi um í Steinasafni Petru, fágætu steinasafni innarlega í bænum.

Fyrir þá sem vilja kynnast Stöðvarfirði betur má mæla með þorpsgöngu með Meet the Locals. Lagt er af stað á þriðjudögum kl. 14:00 frá Brekkunni, sem jafnframt hýsir upplýsingamiðstöð staðarins fyrir ferðamenn.

Auk náttúrunnar og skapandi lista er höfnin í Stöðvarfirði mikilvægur hluti af þorpslífinu. Bátátgerð er talsverð á staðnum og aldrei að vita nema heilsa megi upp á nokkra smábátakarla í leiðinni. Einnig er tilvalið að fá sér nærandi göngutúr um Nýgræðing, skógræktarsvæði staðarins.

## Vissir þú að...

- ... enn má finna leifar af þýskri Heinkel 111 sprengjuvél sem fórst í síðari heimsstyrjöldinni af völdum Austfjarðapokunnar á Valahjalla í Sauðatindi, yst í norðanverðum Reyðarfirði.
- ... Sandfell Fáskrúðsfirði er á heimsminjaskrá sem eitt af stærstu undrum náttúrunnar, en líparítfjallið sýnir glögg hvernig bergetilur brjóta sér leið upp á yfirborð jarðar.
- ... að fransiskumunkar af Kapúsínureglunni reistu árið 2007 fyrsta munkaklaustrið á Íslandi frá síðaskiptum á Kollaleiru í botni Reyðarfjarðar.
- ... að í ársbyrjun 1942 vann fjölskyldan á Veturhúsum þrekvirki við björgun 48 breskra hermanna sem urðu nær úti við æfingar á Eskifjarðarheiði þegar aftakaveður skall á. Átta hermenn áttu þó ekki afturkvæmt og hvíla þeir í kirkjugarði Reyðarfjarðar.
- ... að Austfirðirnir eru jarðsögulega einn elsti hluti landsins, allt að 13,5 milljón ára og má víða finna hálfedálsteina á borð við geislasteina, jaspis, agat, onyx, opal og ametyst.
- ... ef heppnin er með þér sérðu kannski hvali dóla sér í Norðfirðinum.
- ... Norðfjarðargöng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verða opnuð árið 2017. Nýju vegagöngin verða 7,9 km að lengd og koma í stað fjallsganganna í Oddsskarði.
- ... Gerpissvæðið er frábært útivistarsvæði með stórbrotnum eyðivíkum á borð við Vöðlavík og Sandvík.
- ... Gönguvikan *Á fætur í Fjarðabyggð* er útvisar- og gönguhátíð sem ferðafélögin á Austfjörðum koma að.



# Mjóifjörður

Brekkuborpi í Mjóafirði er nyrsti og minnsti bæjarkjarni Fjarðabyggðar. Fjörðurinn mjói ber nafn með rentu, þar sem hann gengur langur og mjór inn í landið og er mikil upplifun að virða landið fyrir sér á meðan ekið er niður í fjörðinn eftir Mjóafjarðarvegi.





Í hugum margra stendur Mjóifjörður fyrir falinn fjársjóð á milli fjalla, svo veðursæll sem hann er og friðsæll. Klifbrekkufossar eru tilkomumikil sjón, þar sem þeir stalla sig niður bratta hlíðina innst í firðinum og þegar komið er niður á mjótt sléttlendið má sjá sauðfé una hag sínum vel í grösugum hlíðum.

Tilvalið er að hafa gönguskó með í farteskinu og ganga út að Asknesi, en þar byggðu Norðmenn upp hvalveiðistöð um aldamótin 1900. Enn má sjá leifar af stöðinni sem var ein sú stærsta í heiminum á sínum tíma og unnu þar um 200 manns þegar mest lét.

Frá Brekkuborpi liggur vegaslóði austur með firðinum allt út að Dalatanga. Fyrir unnendur stórbotnis útsýnis er ferðin hveirrar mínútu virði, en frá Dalatangavita sést allt út að Glettingi og inn í mynni Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Tveir vitar eru á staðnum. Sá eldri er frá 1895, byggður úr blágrýti með steinlími af Otto Wathne. Yngri vitinn er frá árinu 1903 og er enn í fullri notkun. Auk ljósvitans er í honum gamall hljóðviti, sem hefur verið færður í upprunalegt horf.



## Þjónusta / Service

- 1 Tjaldsvæði  
þjónusta í Sólbrekku  

- 2 Sólbrekka  

- 3 Brekka  

- 4 Dalatangi  




## Ferðast um Fjarðabyggð

Fjöllin, firðirnir og þorpin í Fjarðabyggð eru ævintýraheimur sem skemmtilegt er að ferðast um. Greiður vegur er á milli bæjarkjarna og gaman að kynnast einstöku mannlífi og þorpsbrag á hverjum stað.

Ferjubáturinn Anný gengur á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar. Mjóafjarðarvegur (955) er malarvegur sem liggur frá Mjóafirði að Þjóðveginum í Fagradal (92). Um 20 mínútna akstur er frá Reyðarfirði að vegamótum Mjóafjarðarvegur.

Aka má á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar um gamla Vattarnesveginn (995), sem tengdi byggðirnar saman áður en Fáskrúðsfjarðargöng voruð opnuð. Þá liggur malarvegur utarlega í norðanverðum Reyðarfirði niður að Vöðlavík. Ekið er frá byggðinni á Eskifirði út í Helgustaðahrepp og þaðan yfir í Vöðlavík. Um miðja veginum greinist frá veginum jeppaslóði sem liggur niður í Viðvík, en þessar eyðivíkur eru skemmtilegir viðkomustaðir fyrir þá sem eru á til þess búnum bifreiðum.

Samgöngum er haldið opnum í Fjarðabyggð á vetrum, að Mjóafjarðarvegi undanskildum. Á það við bæði um Norðfjarðarveg (92), sem liggur á milli Egilsstaða og Neskaupstaðar, um Fagradal, Reyðarfjörð og Eskifjörð og Suðurfjarðarveg (96) sem liggur meðfram sjónum frá Fáskrúðsfirði til Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur.

Fyrir vetrarferðalanga á ferð um Austfirði er rétt að gæta að færð á vegum. Á vegagerdin.is, upplýsingavef Vegagerðarinnar og í upplýsingasíma 1777, eru veittar greinargóðar upplýsingar um bæði færð og veður í rauntíma.

Strætisvagnar Austurlands eru með áætlunarferðir um alla Fjarðabyggð, að Mjóafirði undanskildum. Tvær strætisvagnaferðir eru að jafnaði virka daga frá Fjarðabyggð á Egilsstaðaflugvöll, snemma morguns og síðdegis.



Barðsneshorn Norðfirði



## Þú ert á góðum stað

Fjarðabyggð er það sveitarfélag sem austast liggur á landinu og það fjölmennasta af átta sveitarfélögum Austurlands, með um 4.700 íbúa. Það varð til við samruna 13 sveitarfélaga sem fór fram í nokkrum áföngum á árunum 1988 til 2006 og er Fjarðabyggð því eitt yngsta sveitarfélag landsins. Þú ert á góðum stað eru kjörorð sveitarfélagsins.

Bæjarkjarnar sveitarfélagsins eru sex talsins og jafnan kenndir við firðina sem þeir standa við. Það er þó ekki einhlítt. Neskaupstaður í Norðfirði er fjölmennasta byggðin, með um 1.500 íbúa, en minnst er Brekkuborp í Mjóafirði með tæplega 30 íbúa. Á Eskifirði eru íbúar tæplega 1.100 og tæplega 1.200 búa á Reyðarfirði. Á Fáskrúðsfirði eru íbúar um 700 og um 200 á Stöðvarfirði.

Fjarðabyggð byggir á sterkum grunni hvað atvinnu- og verðmætasköpun varðar. Gjöful fiskimið eru undan ströndum Austfjarða og er útgerð og vinnsla sjávarafurða ein af meginstöðum atvinnulífsins ásamt álframleiðslu og tengdum þjónustugreinum. Verslun og þjónusta gegna einnig mikilvægu hlutverki og hefur ferðaþjónusta vaxið hratt fiskur um hrygg á undanförunum árum.

Hver bæjarkjarni á sér sína sögu og hefðir og erlend tengsl leynast víðar en í „Franska bænum“ Fáskrúðsfirði. Eskifjörður er stundum nefndur „Norski bærin“ út af umsvifum norskra útvegsmanna fyrr á tímum, auk þess sem Norðmenn ráku stóra hvalveiðistöð á Asknesi í Mjóafirði. Um Norðfjörð segja heimamenn að hann sé „þar sem lognið hlær svo dátt“. Reyðarfjörður er aftur á móti „þar

sem hjartað slær“ – á Austfjörðum miðjum. Þá vísar „Steinaríkið Stöðvarfjörður“ til jarðsögulegrar sérstöðu svæðisins.

Frá Austfjörðum liggja stystu siglingarleiðir landsins til Evrópu sem stuðlar að hagkvæmum vöruflutningum þaðan til meginlandsins. Eftir að Alcoa Fjarðaál hóf rekstur árið 2008 í Reyðarfirði, hafa umsvif Fjarðabyggðarhafna aukist sem því nemur og eru þær nú önnur stærsta útflutningshöfn landsins með 25% til 30% af heildarútflutningi landsmanna.



# Fjarðabyggð

Pú ert á góðum stað



[www.visitfjardabyggd.is](http://www.visitfjardabyggd.is)